

Slitastjórn Glitnis banka hf.
Sóltúni 28
105 Reykjavík.

B.t. Steinunnar Guðbjartsdóttur hrl., formaður slitastjórnar

Reykjavík, 12. maí 2010.

Varðar: Fréttatilkynningu slitastjórnar Glitnis banka 12. maí 2010 og málssókn í Bandaríkjunum.

Pálmi Haraldsson hefur falið mér að gæta hagsmuna hans vegna fréttatilkynningar þeirrar sem slitastjórn Glitnis banka hf., sem þér eruð í forsvari fyrir, sendi frá sér nú í morgunsárið.

Samkvæmt fréttum fjölmiðla af tilkynningu slitastjórnarinnar hefur stjórnin ásamt skilanefnd Glitnis ákveðið að hefja málarekstur gegn umbjóðanda mínum og fleiri nafngreindum aðilum bæði í New York og London.

Af fréttatilkynningu má jafnframt ráða að umbjóðandi minn sé hluti af klíku fésýslumanna undir forystu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og að klíka þessi hafi með skipulegum hætti dregið fé út úr Glitni banka og með því valdið bankanum ómældu tjóni.

Loks kemur fram í fréttatilkynningu þeirri, sem þú ert ábyrg fyrir, að umbjóðandi minn Pálmi Haraldsson hafi verið stjórnarmaður í Glitni banka.

Það skal tekið fram hér, að Pálmi Haraldsson hefur aldrei verið í framboði til stjórnar Glitnis banka eða nokkurs forvera bankans. Pálmi hefur þar afleiðandi aldrei setið í stjórn bankans. Gögn þessu til staðfestingu hefði slitastjórnin getað fengið hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra, ef vilji hefði verið til. Auk þess sem staðreyna hefði mátt þetta með því að kanna fundargerðir Glitnis.

Umbjóðandi minn er í forsvari fyrir atvinnufyrirtæki bæði hér á landi og erlendis. Aðdróttanir þær sem settar eru fram í fréttatilkynningu slitastjórnar Glitnis geta haft skaðleg áhrif á rekstur þessara fyrirtækja.


Umbjóðandi minn ætlar ekki að sitja þegjandi og hljóðalaus undir þessari aðför slitstjórnar Glitnis og mun neyta allra tiltækra réttarúrræða til að fá boðum gerðum slitastjórnar hnekkt.

Slitastjórn Glitnis er hér með veittur frestur fram að boðuðum blaðamannafundi á Hilton Nordica hótelin í dag til að falla frá boðuðum aðgerðum gegn umbjóðanda mínum.

Verði slitastjórn Glitnis ekki við þessari kröfu og sendi út fréttatilkynningu um að boðaðar málssóknir beinist ekki að Pálma Haraldssyni mun hann fela breskum og bandarískum lögmönnum að gæta hagsmuna sinna vegna málssókna slitastjórnar Glitnis; málssókna sem hann hefur aðeins fengið vitneskju um gegnum fjölmiðla. Samkvæmt íslenskum rétti eru fjölmiðlar ekki löglegir stefnuvottar. Þessi vinnubrögð slitastjórnar Glitnis eru enn ein sönnun þeirrar rannsóknargeggunar, sem nú ríður yfir íslenskt samfélag.

Umbjóðandi minn mun auk þess leita réttar síns gagnvart þér persónulega vegna þeirra aðdróttana sem koma fram í fréttatilkynningunni og þú berð ábyrgð á og mun fela lögmönnum á Bretlandi og í Bandaríkjunum þá hagsmunagæslu.

Virðingarfyllst,



Sigurður G. Guðjónsson hrl.

Samrit:

*Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis banka hf.
Sóltúni 28
104 Reykjavík.*